

Skólanámskrá

2022-2023



VATNSENDASKÓLI

Efnisyfirlit

Skólinn okkar	5
Stefnan okkar.....	6
Heimanámsstefna skólans	6
Skólabragur	6
Grunnþættir menntunar:	7
Uppeldi til ábyrgðar.....	8
Teymiskennsla.....	8
Markmið teymiskennslu	8
Sprettur	9
Fyrirkomulag	9
Námsmatsstefna.....	10
Námsmat	10
Mat á skólastarfi	11
Innra mat.....	11
Samstarf milli heimila og skóla	12
Nemenda- og foreldraviðtöl	12
Upplýsingamiðlun til foreldra	12
Samstarf við leikskóla.....	13

Samstarf við framhaldsskóla	13
Menntaskólinn í Kópavogi	13
Tækniskólinn.....	13
Áætlanir	14
Jafnréttisáætlun Vatnsendaskóla	14
Viðbragðsáætlun Vatnsendaskóla vegna inflúensufaraldurs	19
Viðbrögð við brotum á skólareglum	22
Ferli vegna brota á skólareglum	24
Markmið og leiðir í skólanum okkar - Skólanámskrá árganga	25
1. bekkur	25
2. bekkur	41
3. bekkur	65
4. bekkur	89
5. bekkur	111
7. bekkur	159
8. bekkur	188
9. bekkur	212
10. bekkur	239
Valgreinar	267

Unnið er að heimsíðu fyrir skólanámskrá Vatnsendaskóla til að auðvelda aðgang að upplýsingum, hún verður birt vorið 2023.

Skólinn okkar

Vatnsendaskóli tók til starfa haustið 2005. Þá var ein kennsluálma tilbúin til notkunar og 122 nemendur í skólanum í 1. til 6. bekk. Önnur kennsluálma og verkgreinahús bættist við haustið 2006 og unglingaálman var tekin í notkun á þriggja ára afmæli skólans haustið 2008. Á sama tíma var skrifstofuhúsnæði, bókasafn og mötuneyti opnað. Síðasta byggingaáfanganum lauk með vígslu samkomusalar 26. janúar 2012. Haustið 2013 var svo tveimur lausum kennslustofum, Holti og Mýri, bætt á skólalóðina. Vorið 2016 hófust framkvæmdir við íþróttahús en í þeirri byggingu eru einnig fjórar kennslustofur sem voru teknar í notkun haustið 2017. Íþróttahúsið var tekið í notkun árið 2018 en það var vígt 11. maí.

Vatnsendaskóli stendur við Elliðavatn í fallegu umhverfi. Í skólanámskrá er sérstök áhersla á útikennslu, náttúrufræði og umhverfismennt. Góðar forsendur eru fyrir hendi að tengja skólastarfið við umhverfið með virkum hætti. Göngustígur liggur frá skólanum niður að vatninu og tengist stígakerfi sem opnar leið að fjölbreyttum náttúru- og útivistarsvæðum. Tvær sérhannaðar náttúrufræði- og raungreinastofur eru í skólanum.

Í Vatnsendaskóla eru 585 nemendur og 86 starfsmenn þetta skólaárið. Fjölbreyttir kennsluhættir og einstaklingsmiðað nám eru leiðarljós skólans. Gildi skólanámskrár eru byggð á virðingu, vináttu, samvinnu og skapandi skólastarfi.

Stefnan okkar

Í Vatnsendaskóla er lögð rík áhersla á fjölbreytta kennsluhætti og einstaklingsmiðað nám. Áhersla er lögð á umhverfis-, rannsóknar- og vettvangsnám. Gildi skólanámskrár byggjast á virðingu, vináttu, samvinnu og skapandi skólastarfi. Kennsluáætlanir birtast á Mentor og á námsvef skólans.

Í Vatnsendaskóla er lítið á hvern árgang sem eina heild. Kennarar árgangsins bera sameiginlega ábyrgð á nemendum og vinna saman að því að skipuleggja nám nemenda. Þetta fyrirkomulag stuðlar að sveigjanleika og býður upp á möguleika að breyta hópum í samræmi við viðfangsefni og aukna samkenndu þar sem það á við. Þannig nýtist styrkur og hæfni starfsfólks nemendum. Nemendum árganga er skipt í mismunandi hópa og lögð er áhersla á að nemendur í sama árgangi kynnist vel og fái tækifæri til að vinna saman. Markmiðið með þessu fyrirkomulagi er að efla félagsþroska og félagsfærni nemenda, auka samkennd og þjálfar nemendur í að vinna með ólíkum einstaklingum að fjölbreyttum verkefnum. Þannig læra nemendur að taka tillit til þarfa hvers annars og verða hælari til að lifa og starfa í lýðræðis þjóðfélagi. Ýmsar leiðir eru færar til að þjálfar nemendur í þessum þáttum en farsælast teljum við að starfið í skólanum bjóði upp á það mikla samvinnu nemenda að þeir þjálfist í þessum þætti í gegnum raunveruleg viðfangsefni. Sameiginleg ábyrgð á námi og líðan nemenda er grunnurinn í stefnu skólans.

Kennslan er ýmist einstaklingsbundin eða fer fram í hóp, hvort sem er innan bekkjar eða utan. Grundvöllur sérkennslu er greining á námsstöðu og vanda nemandans svo hægt sé að velja námsefni við hæfi. Greiningar geta komið frá kennara, sálfræðingi, sjúkraþjálfara, lækni, talmeinafræðingi, náms- og starfsráðgjafa eða öðrum sérfræðingum. Greiningar og sérkennsla eru ætíð unnin í samráði við forráðamenn barnanna og í góðu samstarfi við umsjónakennara.

Heimanámsstefna skólans

Vatnsendaskóli leggur áherslu á mikilvægi heimanáms sem í upphafi skólagöngu felst aðallega í aukinni þjálfun í lestri. Hver kennari sér um skipulag á yfirferð námsefnisins og ákveður það efni sem vinna skal heima. Alltaf er tekið tillit til þeirra einstaklinga sem eru hægir í vinnubrögðum og heimanámið aðlagð þeim sérstaklega í samráði við foreldra. Heimanámsáætlun birtist á www.mentor.is. Foreldrum er bent á að hafa samband við viðkomandi kennara ef þeir telja heimanám of mikið eða of lítið hjá sínu barni.

Skólabragur

Í Vatnsendaskóla er lögð áhersla á að skapa jákvæðan skólabrag og að góður vinnuandi sé ríkjandi. Mikilvægt er að allir sem í skólanum starfa stuðli að og viðhaldi góðum starfsanda þar sem öryggi, vellíðan og heilbrigði eru í fyrirrúmi. Gagnkvæmt traust, virðing, samábyrgð, tillitssemi og kurteisleg framkoma eru

höfð að leiðarljósi í skólastarfinu. Námsagi einkennist af því að tillit sé tekið til þarfa nemenda, þroska þeirra og hæfni með áherslu á mannréttindi, jafnrétti, lýðræðisleg vinnubrögð og bann við mismunun af öllu tagi.

Grunnpættir menntunar:

Grunnpættir menntunar eru læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun.

Þessa þætti þarf að rækta með markvissum hætti þá þekkingu, leikni og viðhorf sem styrkir getu einstaklinga í framtíðinni þannig að þeir verði gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í jafnræðis- og lýðræðissamfélagi.

Sköpun sem grunnþáttur menntunar á að stuðla að ígrundun og andríki, persónulegum þroska og sveigjanleika í námi, frumkvæði og nýsköpun. Í skólum fer fram skapandi starf, þar sem kennarar og nemendur ræða saman og eru óhræddir við að leita nýrra leiða.

Heilbrigði og velferð; skólar þurfa að skapa börnum aðstæður til heilbrigðra lífshátta. Það á að gera með því að efla færni í samskiptum, byggja upp sjálfsmynd þeirra, færni í að taka ákvarðanir, setja sér markmið og hafa stjórn á streitu.

Sjálfbærni snýst um samspil umhverfis, efnahags, samfélags og velferðar. Sjálfbærni felur í sér virðingu fyrir umhverfinu, ábyrgð, heilbrigði, lýðræðisleg vinnubrögð og réttlæti ekki bara í nútíma heldur gangvært komandi kynslóðum.

Lýðræði og mannréttindi: forsenda lýðræðis er samábyrgð, meðvitund og virkni borgaranna sem gerir þá færa um að taka þátt í að móta samfélag sitt og hafa áhrif nær og fjær. Lýðræði er mikilvægt í grunnskólum., skólar þurfa að taka mið af því að börn og ungmenni muni taka þátt í lýðræðissamfélagi og því er mikilvægt að börn læri um þess háttar samfélög. Einnig þarf að taka mið af því í öllum starfsháttum að borin sé virðing fyrir manngildi hvers og eins.

Jafnrétti: Jafnréttismenntun er ein undirstaða lýðræðis og mannréttinda í öllum skólum. Meginviðhorfið er að allir geti tekið þátt í samfélaginu. Jafnrétti og lýðræði eru hvort tveggja forsenda þess að samfélag geti verið sjálfbært enda byggir sjálfbærni á samvinnu og þátttöku allra.

Læsi: Lestur er undirstaða fyrir allt nám. Góð lestrarfærni og markviss lestrarþjálfun er mikilvæg í námi allra barna og getur skipt sköpum varðandi framtíð þeirra. Því er mikið í húfi að vel takist til í lestrarnáminu þar sem lestur er ekki aðeins grunnur almennrar menntunar heldur hefur hann áhrif á sjálfsmynd nemenda og stuðlar að betra valdi á tungumálinu. Ennfremur stuðlar góð lestrarfærni að virkri þátttöku í samfélaginu og hlutdeild í heimi upplýsingatækni

(unnið upp úr ritröð um grunnpætti menntunar á vegum Menntamálastofnunnar)

Uppeldi til ábyrgðar

Starfsfólk Vatnsendaskóla vinnur samkvæmt stefnunni Uppeldi til ábyrgðar, uppbyggingu sjálfsgættar sem byggð er á kenningum Diane Gossen. Uppeldi til ábyrgðar leggur áherslu á jákvæð samskipti fremur en reglur, á ábyrgð fremur en blindna hlýðni og á virðingu fremur en stjórnugjöf. Treyst er á hæfileikann til sjálfstjórnar og að hver og einn geti hugsað áður en hann framkvæmir og brugðist rétt við aðstæðum. Uppeldi til ábyrgðar hvetur hvern og einn til að taka ábyrgð á eigin orðum og gerðum. Aðferðin nýtist við bekkjarstjórnun þar sem allir fá að vaxa og njóta sín. Þetta er aðferð í samskiptum og aðferð við að ná jafnvægi og innri styrk eftir að hafa beitt samferðamenn sína rangindum eða lent upp á kant við þá. Leitast er við að ná samstöðu um lífsgildi til að hafa að leiðarljósi og fylgja þeim síðan eftir með fáum skýrum reglum. Spurt er bæði hvernig við viljum vera og hvað við þurfum að gera til að ná eigin markmiðum í sátt og samlyndi við samferðamenn.

Teymiskennsla

Í Vatnsendaskóla er litið á hvern árgang sem eina heild. Í 1.- 10. árgangi eru þrír til fjórir umsjónarkennarar í hverjum árgangi sem fara með sameiginlega umsjón. Hver árgagnur (1.-7. árg.) á netfang sem foreldrar geta haft samband við kennarateymi (ártalárgangs)@vatnsendaskoli.is. Kennarar árgangsins bera sameiginlega ábyrgð á nemendum og vinna saman að því að skipuleggja nám nemenda. Þetta fyrirkomulag stuðlar að sveigjanleika og býður upp á möguleika að breyta hópum í samræmi við viðfangsefni og aukna teymiskennslu þar sem það á við. Þannig nýtist styrkur og hæfni starfsfólks nemendum. Nemendum árganga er skipt í mismunandi hópa og lögð er áhersla á að nemendur í sama árgangi kynnist vel og fái tækifæri til að vinna saman. Markmiðið með þessu fyrirkomulagi er að efla félagsþroska og félagsfærni nemenda, auka samkennd og þjálfarar nemendur í að vinna með ólíkum einstaklingum að fjölbreyttum verkefnum. Þannig læra nemendur að taka tillit til þarfa hvers annars og verða hæfari til að lifa og starfa í lýðræðis þjóðfélagi. Ýmsar leiðir eru færar til að þjálfarar nemendur í þessum þáttum en farsælast teljum við að starfið í skólanum bjóði upp á það mikla samvinnu nemenda að þeir þjálfarar í þessum þætti í gegnum raunveruleg viðfangsefni. Sameiginleg ábyrgð á námi og líðan nemenda er grunnurinn í stefnu skólans

Markmið teymiskennslu

- Að skapa heildstæða kennslu fyrir nemendur og litið sé á árganginn sem einn bekk, í stað stakra bekkjardeilda
- Að efla fjölbreytni í kennsluháttum
- Að bæta samvinnu og samskipti nemenda

- Að nýta fjölbreyttar kennsluaðferðir sem leið til einstaklingsmiðaðs náms
- Að auka við hlutbundna vinnu nemenda og að vinna nemenda sé stýrð af markmiðum aðalnámskrá frekar en að námsbækur stýri vinnu nemenda
- Að bæta og auka samstarf starfsfólks með aukinni faglegri samvinnu.

Sprettur

- Sprettur er hugtak sem nær yfir samþættingu fjögurra námsgreina, samfélagsfræði, náttúrufræði, upplýsingatækni og íslensku (síðastnefnda fagið þó einungis að hluta til ásamt erlendum tungumálum sem kemur inn í eina lotu). Sprettur byggir á því að auka vitund nemenda á eigin námi og gera þá enn meðvitaðri um þróun þess. Með breyttum áherslum er leitast við að gera markmið námsins skýrari og að nemendur séu meðvitaðri hvað sé framundan og hvers sé ætlast til af þeim í fyrirliggjandi vinnu. Nemendur vinna í lotum þar sem áhersla er á einstaklings- og hópamiðaða vinnu. Það fyrirkomulag býður upp á aukin tækifæri fyrir nemendur á að nýta eigin styrkleika, sér og öðrum til framdráttar.

Fyrirkomulag

- Í Spretti vinna nemendur í mismunandi teymum og nýta þannig ólíka styrkleika sína til þess að uppfylla markmið hvers viðfangsefnis fyrir sig. Með því að nýta fjölbreytni og mismunandi hæfni samnemenda gefst tækifæri á því að dýpka nálgun á viðfangsefnum, auk þess sem hvert viðfangsefni fær aukinn tíma og þar af leiðandi gefst nemendum kostur á að koma sínum hugmyndum og skoðunum enn frekar á framfæri. Hver Sprettur er byggður upp af skyldu- og valverkefnum sem tengjast bæði beint og óbeint. Í hverju verkefni er unnin vinna sem styður við og styrkir nemendur í þeim hæfniviðmiðum, sem skólastarfið byggir á. Þannig fá nemendur skýrari mynd hvers vegna þeir eru í námi og hvers vegna hvert verkefni er uppbyggt eins og það er. Þannig taka nemendur aukna ábyrgð á eigin vinnu og geta verið með betri yfirsýn á námið og hvað þarf að gera til að ná markmiðum, gera þau að sínum og auka árangur í starfi. Auðvelt er fyrir nemendur og foreldra að fylgjast með þar sem öll verkefni fara inn á Google Classroom og inn á heimsíðu skólans undir „Námið“ ásamt því að vera metin inni á Mentor út frá þeim hæfniviðmiðum sem fylgja hverju verkefni.

Námsmatsstefna

Námsmatsstefna Vatnsendaskóla byggir á hæfniviðmiðum Aðalnámskrár grunnskóla. Í henni birtist heildarstefna stjórnvalda í menntamálum sem byggir á lögum um grunnskóla. Samkvæmt Aðalnámskrá er skólum skylt að marka sér stefnu í námsmati sem birtist í skólanámskrá. Í skólanámskrá Vatnsendaskóla eru einkunnarorð skólans, vinátta, virðing, samvinna og skapandi skólastarf lögð til grundvallar. Í henni endurspeglast sú framtíðarsýn að til þess að ná árangri í skólastarfi þurfi að hlúa að vellíðan og starfsánægju bæði nemenda og starfsmanna skólans. Í námskrám (Metnor) og kennsluáætlunum (námsvefur) má fræðast um hæfniviðmið, námsmarkmið, námsgreinar, kennsluaðferðir, námsmat og helstu námsgögn hverrar námsgreinar.

Námsmat

Hæfniviðmið er sá grundvöllur sem kennsluhættir og námsmat byggist á. Mikilvægt er að námsmat nái til allra færniþátta og endurspegli hæfniviðmiðin og viðfangsefni námsins. Út frá hæfniviðmiðum velja kennarar og nemendur kennsluaðferðir, námsefni og matsaðferðir og skal gera grein fyrir þeim í skólanámskrá.

Lykilhæfni er sú hæfni sem snýr að nemandanum sjálfum og er ætlað að stuðla að alhliða þroska hans. Hún tengist öllum námssviðum og snýr að hæfni í tjáningu og miðlun, skapandi og gagnrýninni hugsun, sjálfstæði og samvinnu, nýtingu miðla og upplýsinga og ábyrgð og mat á eigin námi. Mat á lykilhæfni birtist í hæfnikorti nemandans og koma allir kennarar hans að því mati. Mikilvægt er að lykilhæfni sé hluti af menntun í grunnskóla, bæði formlega og óformlega sem og í starfsháttum skólans.

Kennsla, nám og námsmat mynda eina heild. Námsmatið er hluti af náms- og kennsluferlinu og er skipulagt í samræmi við námskrá, hæfniviðmið og viðfangsefni nemenda. Námsmat er notað til þess að ákveða næstu skref í námi nemenda.

Mikilvægt er að námsmatið sé fjölbreytt og gefi heildstæða mynd af hæfni nemandans. Það þarf að vera sanngjarnt og gefa nemandanum tækifæri til að sýna þekkingu, leikni og hæfni. Leggja skal áherslu á leiðsagnarmat sem byggist á því að nemendur leggi reglulega mat á nám sitt með kennurum til að nálgast eigin markmið og ákveða hvert skal stefna. Með slíku mati fá bæði kennarar og nemendur upplýsingar um framvindu náms og hvort kennslan hafi skilað árangri. Mikilvægt er að nemendur fái vitneskju um forsendur námsmats, til hvers er ætlast af þeim, hvernig verði metið og veita þeim endurgjöf um það sem þarf að bæta.

Með námsmati er fylgst með því hvernig nemendum tekst að ná almennum hæfniviðmiðum aðalnámskrár, stuðlað að námshvatningu, nemendur örvaðir til framfara og metið hvaða aðstoð þeir þurfa. Námsmat miðar einnig að því að afla vitneskju um árangur skólstarfsins og hvernig einstaklingum og hópum gengur að ná settum markmiðum. Námsmat á að vera upplýsandi fyrir foreldra og nemendur, kennara, viðtökuskóla og skólayfirvöld um námsgengi sem má hafa að leiðarljósi við skipulagningu náms.

Mat á skólstarfi

Mat á skólstarfi er yfirleitt skipt í innra og ytra mat. Með ytra mati er átt við úttekt á starfsemi stofnunar sem unnin er af utanaðkomandi aðilum. Áætlað er að Kópavogsbær standi fyrir mati á ákveðnum þáttum skólstarfsins með könnun meðal foreldra síðar í vetur.

Með innra mati er átt við sjálfsmat stofnunar unnið af starfsmönnum hennar. Markmið innra mats er að tryggja að starfsemi skólans sé í samræmi við lög, reglugerðir og aðalnámskrá grunnskóla. Grundvallaratriði innra mats er að það stuðli að umbótum sem bæti skólstarfið og efli skólaþróun.

Innra mat

Nokkrum sinnum yfir skólaárið er lögð fyrir könnun á líðan og viðhorfi nemenda í 6. – 10. bekk og er sú könnun unnin af Skólapúlslinum. Þannig fæst samanburður við sambærilega skóla annars staðar af landinu. Þættirnir sem þar eru mældir eru:

- Ánægja af lestri
- Ánægja af náttúrufræði
- Trú á eigin vinnubrögð í námi
- Sjálfsálit
- Stjórn á eigin lífi
- Vellíðan
- Samsömun við nemendahópinn
- Virk þátttaka nemenda í tímum

Annað hvert vor er svo lögð fyrir könnun á viðhorfi starfsmanna til vinnustaðarins og á móti könnun á viðhorfi foreldra til skólans.

Samstarf milli heimila og skóla

Gott samstarf heimila og skóla er ein af forsendum góðs skólastarfs og stuðlar að ánægju og vellíðan nemenda. Til þess að samskipti verði góð og árangursrík þurfa allir starfsmenn skólans og foreldrar að leggja sitt af mörkum. Foreldrar og forráðamenn bera ábyrgð á uppeldi barna sinna. Skólinn aðstoðar þá í uppeldishlutverkinu og skapar menntunartækifæri. Menntun og velferð nemenda er sameiginlegt verkefni skólans og heimilanna. Öll þátttaka foreldra í skólastarfinu er mikilvæg. Má þar nefna virka þátttöku í foreldrafélagi og bekkjarstarfi. Ýmsir þættir í hinu daglega skólastarfi snúa beint að foreldrum og er ekki síður mikilvægt að þeir séu virkir þátttakendur í þeim hluta t.d. með því að fylgjast með heimanámi barna sinna, mæta á fundi s.s. námsefniskynningar og bekkjarkvöld, aðstoða í ferðum og koma með innlegg í kennsluna þegar það á við, t.d. hvað varðar kynningar á starfsgreinum. Skólinn er ávallt opinn foreldrum og forráðamönnum hvenær sem er.

Nemenda- og foreldraviðtöl

Foreldrar eru ávallt velkomnir í skólann. Gott samstarf heimila og skóla leggur grunn að farsælli skólagöngu nemenda. Hefðbundin nemenda- og foreldraviðtöl eru tvisvar yfir skólaárið, í nóvember og janúar/mars, en kennarar boða foreldra til viðtala að auki ef þurfa þykir.

Upplýsingamiðlun til foreldra

Á heimasíðu skólans, <http://www.vatnsendaskoli.is> er miðlað því helsta sem er á döfinni hverju sinni og þar er einnig að finna upplýsingar um skipulag skólaársins. Vatnsendaskóli er með facebooksíðu <https://www.facebook.com/Vatnsendaskoli/> sem einnig er nýtt til upplýsingagjafar.

Kennarar senda foreldrum vikupóst í hverri viku í gegnum Mentor þar sem fram kemur hvað gert hefur verið í skólanum s.l. viku og hvað er á döfinni þá næstu.

Samstarf við leikskóla

Vatnsendaskóla hefur undafarin ár átt í samstarfi við leikskólann Aðalping og Sólhvörf. Markmiðið er að brúa bil milli skólastiga og að tilvonandi nemendur fái að kynnast skólaumhverfinu áður en þau hefja skólagöngu. Nemendur á leikskóla koma í heimsókn í skólann og fá tækifæri til að vera þátttakendur í skólastarfi. Einnig eru mynduð tengsl milli leikskólanemenda og nemanda í 4. bekk. Nemendur í 4. bekk eru skólavinir tilvonandi nemandi.

Að auki hittast umsjónakennara, leikskólastarfsmenn og stjórnendur á fagfundi 2-3 yfir skólaárið til að útbúa dagskrá og ræða faglegt samstarf.

Samstarf við framhaldsskóla

Menntaskólinn í Kópavogi

Vatnsendaskóli hefur undanfarin ár átti í samstarfi við Menntaskólann í Kópavogi.

Tækniskólinn

Samstarf við Tækniskólann hófst haustið 2018.

Áætlanir

Jafnréttisáætlun Vatnsendaskóla

Allir einstaklingar óháð kyni eigi að hafa jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína

Markmið jafnréttisáætlunar grunnskólans er að gæta þess að jafnrétti ríki milli karla og kvenna sem og stráka og stelpna. Til grundvallar þarfagreiningar, mælanlegra aðgerðabundinna markmiða og þeirra leiða sem valið er að fara liggja lög nr. 10 frá 2008 **Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla**.

Launajafnrétti

Markmið: Stjórnendur, bæjaryfirvöld og starfsmenn munu í sameiningu vinna að jöfnum rétti kynjanna varðandi launakjör. Unnið skal að því að ekki sé um óútskýrðan launamuna að ræða milli kynjanna í skólanum.

Aðgerð/verkefni: Stjórnendur geri ekki upp á milli kynjanna þegar til greina kemur að ákvarða laun, hlunnindi og öll almenn kjör.

Ábyrgð: Skólastjóri

Laus störf, starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun

Markmið: Þegar stöður innan skólans eru auglýstar skulu bæði kynin hvött til að sækja um laus störf. Komi tveir jafnhæfir umsækjendur til greina skal stefna að því að ráða einstakling af því kyni sem hallar á innan skólans, deildarinnar, kennslugreinarinnar eða stigsins sem um ræðir. Við sérstakar aðstæður, t.d. vegna kyns nemanda sem þarf stuðning eða sérstaka aðstoð, getur verið nauðsynlegt að auglýsa og ráða einstakling af ákveðnu kyni til starfa. Öllum starfsmönnum skólans skal standa til boða að sækja sér endurmenntun. Bæði kyn skulu hafa jafnan aðgang að fjölbreyttri endurmenntun.

Aðgerð/verkefni: Stjórnendur og bæjaryfirvöld munu sameinast um að gæta fyllsta jafnréttis við ráðningu í laus störf innan skólans. Skólastjóri hvetur starfsfólk sitt til að sækja sér endurmenntun.

Ábyrgð: Skólastjórnendur í samvinnu við skólamálayfirvöld.

Tímarammi: Við innra mat, ár hvert skal þess gætt að jafnréttis hafi verið gætt við ráðningar í laus störf.

Í starfsmannasamtölum að vori skal starfsmaður inntur eftir því hvaða endurmenntun hann óski eftir og símenntun rædd.

Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs

Markmið: Skólastjórnendur stefna að því að koma til móts við þarfir starfsmanna varðandi fjölskyldulíf og gæta þess sérstaklega að sama gildi um karla jafnt sem konur. Tekið skal tillit til fjölskylduaðstæðna um leið og starfsmenn skuldbinda sig til að taka einnig tillit til þarfa atvinnulífsins að því marki að aldrei halli á starfsmanninn og fjölskyldu hans. Starfsmönnum skal gert auðvelt að koma til starfa að loknu fæðingar- og foreldraorlofi eða leyfi úr vinnu vegna óviðráðanlegra og brýnna fjölskylduaðstæðna. Stjórnandi vinnur náð með starfsmönnum að skipuleggja það leyfi sem þarf við þessar aðstæður.

Aðgerð/verkefni: Við innra mat, ár hvert skal þess gætt að tekið hafi verið tillit til þarfa starfsmanns með tilliti til samræmingar fjölskyldu og atvinnulífs. Í starfsmannakönnun að vori skal sérstaklega spyrja að þessu og komi óánægja starfsmanna í ljós skal skólastjóri í samvinnu við stjórnunarteymi kanna málið frekar og tafarlaust grípa til aðgerða til að sporna við árekstrum milli samræmingar fjölskyldulífs og atvinnuþátttöku starfsmanns við skólann.

Ábyrgð: Skólastjóri í samvinnu við starfsmenn.

Tímarammi: Við innra mat, ár hvert skal þess gætt að sérstakt tillit sé tekið til fjölskyldulífs starfsmanna í skólanum.

Kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni

Markmið: Hvorki kynbundin áreitni né kynferðisleg áreitni skal liðin í skólanum. Miða skal við orðskýringar úr jafnréttislögum

Aðgerð/verkefni: Fræðsla skal fara fram a.m.k. annað hvert ár varðandi kynbundna og kynferðislega áreitni þá jafnana samhliða vinnu að áhættumati og séu til þess nýttir vinnuumhverfisvísar Vinnueftirlitsins.

Ábyrgð: Skólastjóri, trúnaðarmenn, öryggistrúnaðarmaður og öryggisvörður.

Tímarammi: Ár hvert skal inna starfsmenn eftir upplifun sinni varðandi kynferðislega eða kynbundna áreitni í starfsmannakönnun sem er þáttur af innra mati skólans auk sérstakrar fræðslu sem fara skal fram eigi sjaldnar en annað hvert ár.

Menntun og skólastarf

Markmið: Hvorki starfsmönnum né nemendum skal mismunað eftir kyni í skólanum. Þess skal gætt við alla áætlanagerð og stefnumótun. Á öllum skólastigum skulu nemendur hljóta fræðslu um jafnréttismál þar sem m.a. skal lögð áhersla á að búa bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu, svo sem í fjölskyldu-, og atvinnulífi. Kennslu- og námsgögn skulu þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunað. Í náms- og starfsfræðslu og við ráðgjöf í skólum skulu piltar og stúlkur óháð kyni hljóta fræðslu og ráðgjöf í tengslum við sömu störf.

Aðgerð/verkefni: Skólastjóri skal fela deildarstjórum að yfirfara kennsluáætlanir og skólanámskrá með það fyrir augum að kanna hvort jafnt tillit sé tekið til kynjanna innan skólans. Skólastjóri skal leitast við að öll stefnumótun sem þannig er úr garði gerð að hún miðist við kynjasambættingu. Kannanir starfsmanna, nemenda og foreldra sem eru þáttur í innra mati skólans skulu inna viðkomandi aðila eftir því hvort jafnrétti kynjanna sé að jafnaði gætt innan skólans.

Ábyrgð: Skólastjóri

Tímarammi: Ár hvert við innra mat skal þess gætt að jafnrétti ríki innan skólans hvort heldur sem um starfsmenn og/eða nemendur er að ræða.

Bann við mismunun á grundvelli kyns

Markmið: Innan skólans eru kynin jafn rétthá. Skulu drengir jafnt sem stúlkur eiga rétt á allri þeirri þjónustu sem völ er á innan skólans óháð kyni sínu. Starfsfólki ber að virða alla nemendur óháð kyni og taka mið af því varðandi alla umgengni, nám, kennslu og skipulag starfshátta.

Aðgerð/verkefni: Við skipulag, alla áætlanagerð og daglegt samneyti skal þess gætt að einstaklingum sé gert jafn hátt undir höfði óháð kyni.

Ábyrgð: Skólastjórnendur og skólamálayfirvöld.

Tímarammi: Við innra- og ytra mat, ár hvert skal þess sérstaklega gætt að jafnrétti ríki við alla ákvarðanatöku og skipulag sem og samskipti innan skólans.

Móttaka erlendra nemenda

Þegar óskað er eftir skólavist fyrir barn af erlendum uppruna í Vatnsendaskóla er viðkomandi boðaður í viðtal til aðstoðar skólastjóra eða deildarstjóra. Fyrsti fundur fer fram með foreldrum, nemanda og túlki. Skólastjórnendur tilkynna árgangateymi nemandans um komu hans, hvaðan hann er og hvenær

móttökuviðtalið fer fram. Umsjónarkennara undirbúa árganginn fyrir komu nýs nemanda. Aðstoðar skólastjóri eða deildarstjóri tilkynnir jafnframt öðrum kennurum um komu nemandans í skólann og í hvaða árgang hann fer. Einnig er farið yfir stöðu nemandans út frá menningarlegum forsendum hans. Tekið er saman fyrir viðtal *innritunarblað*, *skólareglur*, *stundaskrá hópsins*, *upplýsingar um Frístund - Stjörnuheima fyrir 1. – 4. bekk*, *upplýsingar um félagsstarf skólans*, *upplýsingar um mótuneyti og nestismál ásamt upplýsingum um hvernig innritun í mótuneyti og Frístund* fer fram.

Móttökuviðtalið sitja foreldrar/forráðmenn, nemandi, umsjónarkennari, túlkur og aðstoðar skólastjóri eða deildarstjóri. Ávallt skal kalla til túlk fyrir móttökuviðtal, einnig þótt annað foreldra sé íslenskt. Hér er mikilvægt að skyldmenni eða vinir sitji ekki viðtalið. Í viðtalinu fylla foreldrar út innritunarblaðið með aðstoð túlks og önnur gögn varðandi skólavistina afhent. Óskað er eftir bakgrunnsupplýsingum um nemandann ef mögulegt er.

Gerð er einstaklingsáætlun ef þarf, í samvinnu við sérkennara og umsjónarkennara nemandans þar sem kemur fram hvenær nemandinn er með bekknum og hvenær hann er í kennslu í íslensku sem annað mál. Ákveðin er fundartími eftir fjórar/fimm vikur og er þá staða nemandans skoðuð með tilliti til líðan og hvernig áframhaldið er hugsað hvað varðar kennslutilhöggun nemandans.

Móttaka nýrra nemenda

Við móttöku nýrra nemenda er lögð áhersla á hlýjar móttökur og skýrar upplýsingar. Nemandinn og foreldrar eru boðuð í heimsókn í skólann áður en nemandi hefur nám. Deildarstjóri og umsjónarkennarar sjá um að raða honum í námshóp. Þegar nýir nemendur hefja nám í Vatnsendaskóla að hausti þá boða kennarar þá og foreldra / forráðamenn þeirra til sín sérstaklega áður en bekkurinn kemur í skólann. Kennarinn gefur þeim upplýsingar um skólann, sýnir þeim skólahúsnæðið og spjallar við þá. Við komu nýs nemanda í árgang er sérstaklega stuðlað að því að hann tengist þeim sem fyrir eru og er þá m.a. einum eða fleiri nemendum falið það hlutverk að fylgja honum um skólann fyrstu dagana og bjóða honum að vera með í útivist. Ef þurfa þykir hittir námsráðgjafi einnig nýja nemendur og fylgist með hvernig þeim vegnar á nýjum stað. Þeim nemendum sem hefja nám í 1. bekk er boðið að koma í vorskólann vorið áður. Að hausti er foreldrum 1. bekkjar, 5. bekkjar og 8. bekkjar boðið á kynningarfund í skólanum.

Eineltisáætlun

Starfsfólk Vatnsendaskóla lýsir því yfir að hvorki einelti né annað ofbeldi verði liðið í skólanum og unnið verði að því að starfsmenn, nemendur og foreldrar geri sér grein fyrir hvað einelti er. Leitað verður allra ráða til að fyrirbyggja einelti og ofbeldi og brugðist verður við þeim málum sem upp kunna að koma án tafar og í góðri samvinnu. Frá skólabyrjun verði nemendum markvisst kennd góð samskipti. Nemendur skulu hvattir til að taka afstöðu gegn einelti og ofbeldi í verki með því að bregðast við til hjálpar og láta vita. Gera skal nemendum grein fyrir því að það að skilja útundan og virða aðra ekki viðlits er jafnmikið einelti og að

hæðast að eða berja. Þannig verður stuðlað að vellíðan allra í sameiginlegu átaki. Vatnsendaskóli skal vera öruggur og góður vinnustaður, þar sem starfið mótast af virðingu og umhyggju fyrir öllum.

[Eineltisáætlun Vatnsendaskóla er að finna á heimasíðu skólans.](#)

Áfallaáætlun

Eftirfarandi er áfallaáætlun Vatnsendaskóla, í henni má finna upplýsingar um meðlimi áfallráðs og hlutverk þess, einnig eru settar fram skilgreiningar á áföllum ásamt verkferlum til viðmiðunar ef áföll verða. Áfallaáætlun Vatnsendaskóla var síðast endurskoðuð í apríl 2016.

Í áfallaráði er hópur af starfsfólki skólans sem er ávallt í viðbragðsstöðu ef upp kemur áfall í skólanum. Ráðið vinnur eftir áfallaáætlun Vatnsendaskóla þar sem fjallað er um vinnuferli til að styðjast við þegar áföll verða.

Í áfallaráði skólaárið 2022 - 2023 sitja:

María Jónsdóttir, skólastjóri,

Ingunn Huld Kristófersdóttir, aðstoðarskólastjóri

Jóhanna Rake! Sveinbjörnsdóttir, deildarstjóri elsta stigs (7.-10.bekkur)

Sigrún Brynjólfssdóttir , deildarstjóri yngra stigs (1.-6. bekkur)

Guðrún Svava Þrastardóttir, náms- og starfsráðgjafi

Hulda Björg Óladóttir og Helga María Hermannsdóttir, hjúkrunarfræðingur

Aníta Björk Helgadóttir, sérkennari

Áfallaráð sér um að nemendur og starfsfólk fái viðeigandi þjónustu ef þeir verða fyrir áfalli.

Ef áfall verður í Vatnsendaskóla skal áfallaráð koma saman eins fljótt og auðið er og ákveða skipulag næstu klukkustunda og næstu daga. Ef um nemanda er að ræða skal umsjónarkennari látinn vita strax um atburðinn.

Áfallaráð skal funda að hausti til að fara yfir stöðu mála hvort breytingar hafi orðið á aðstæðum nemenda, starfsfólks eða aðstandenda.

Hlutverk áfallaráðs er fyrst og fremst að greina niður hvaða aðstæður gætu skapast hverju sinni. Einnig þarf að finna tiltekna einstaklinga til að taka að sér ýmis verkefni sem þeir sjá um eins og:

- hver aflar upplýsingar varðandi atburðinn
- hver hefur samband við aðstandendur
- hver er talsmaður skólans gagnvart utanaðkomandi einstaklingum
- hver sér um að koma upplýsingum til réttra einstaklinga
- hver sér um að hafa samband við samstarfsfólk utan skólans s.s. prest, lækni, lögreglu.

Lykilatriði er að í hverju tilviki sé mótuð skýr og afdráttarlaus vinnuáætlun um hver sinni hvaða hlutverki, í hvaða röð og hvernig beri að bregðast við. Mikilvægt er að huga vandlega að óskum fjölskyldna þeirra sem hlut eiga að máli hverju sinni.

[Sjá nánar](#) á heimasíðu skólans.

Rýmingaráætlun

Rýmingaráætlun er til í hverri kennslustofu.

Brunaæfingar eru haldnar tvisvar á ári og þá er húsið rýmt. Rýmingaráætlun er kynnt á kennarafundi að hausti og farið yfir hvernig henni verður hagað yfir veturinn.

Fyrri æfingin er að hausti og er auglýst því þá er verið að æfa nemendur í að fara í röð og fara á sinn stað úti. Þá er tekinn tími til að kanna hversu fljótir nemendur eru að tæma skólann. Seinni æfingin er eftir áramót og er sú æfing óundirbúin. Á næsta kennarafundi eftir æfingarnar er farið yfir það sem gekk vel og hvað betur mátti fara.

Viðbragðsáætlun Vatnsendaskóla vegna inflúensufaraldurs

Vatnsendaskóli hefur sett sér viðbragðsáætlun um skipulag og stjórn aðgerða í skólanum í samræmi við áætlun Almannavarna um viðbrögð við heimsútbreiðslu inflúensu. Markmið áætlunarinnar miða að því að lágmarka áhrif inflúensufaraldurs og afleiðingar hans innan skólans.

Eftirfarandi gildir almennt um inflúensufaraldur.

Helstu leiðir til að draga úr smiti:

Veikist nemandi þannig að einkennin bendi til inflúensu, er honum ráðlagt að halda sig heima í tvo daga eftir að hann er orðinn hitalaus.

Ekki er þörf á því að aðrir sem eru einkennalausir á heimili sjúklings haldi sig heima.

Hreinlæti skiptir mestu máli í að draga úr smithættu. Þar ber fyrst að nefna handþvott og að fólk hafi á sér einnota pappírspurrkur til að hnerra eða hósta í.

Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu sóttvarnalæknis og almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra á www.influenza.is

Viðbrögð við vá

Sjá meðfylgjandi skýrslur:

Viðbrögð við óveðri: <https://www.shs.is/hvad-get-eg-gert/roskun-a-skolastarfi>

Viðbrögð við jarðskjálftum: <https://www.almannavarnir.is/natturuva/jardskjalftar/vidbrogd-vid-jardskjalfta/>

Viðbrögð við eldgosi: <https://www.almannavarnir.is/natturuva/eldgos/vidbrogd/>

Skólareglur Vatnsendaskóla

Í skólanum eiga allir nemendur rétt á að vera öryggir og geta sinnt námi sínu og leikið sér án áreitiss og truflunar frá öðrum .

Það þýðir að nemendur:

- Sýna hver öðrum og starfsfólki virðingu, kurteisi og tillitssemi.
- Fara eftir fyrirmælum starfsmanna skólans.
- Sitja með öryggisbelti spennt á meðan sundrúta er á ferð.
- Eru á skólalóðinni á skólatíma nema með sérstöku leyfi kennara eða annarra starfsmanna skólans.
- Nota hvorki reiðhjól, vespur, rafhjól, línuskauta, hjólaskó, hjólabretti né hlaupahjól á skólalóðinni á skólatíma.

Nemendur hafa ákveðnum skyldum að gegna í skólanum.

Það þýðir að nemendur:

Mæta stundvíslega í allar kennslustundir.

- Ganga um ganga skólans og eru ekki með háreysti á ferðum sínum um skólann, í matsal eða kennslustofum.
- Ganga vel og snyrtilega um húsnæði skólans og eigur hans, svo sem bækur, spjaldtölvur og önnur kennslugögn, kennsluáhöld og húsgögn.
- Fara í röð fyrir framan sundrútu áður en þeim er hleypt inn í hana.
- Fylgja fyrirmælum starfsfólks varðandi notkun GSM síma, snjallúra og spjaldtölva á skólatíma.

Í skólanum er borin umhyggja fyrir heilsu nemenda

Það þýðir að nemendur:

- Neyta hvorki gosdrykkja/orkudrykkja né nokkurs sælgætis á skólatíma.
- Nota hvorki tóbak né rafsígarettur á skólatíma og á skólalóð eða aðra vímuegjafa. Sömu reglur gilda um allt tómstundastarf, skemmtanir og ferðir á vegum skólans.

Viðbrögð við brotum á skólareglum

Þeir nemendur sem ekki geta farið eftir skólareglum fá viðeigandi leiðsögn:

1. Kennari ræðir við nemanda og bendir honum á hvað hann hefur gert rangt og spyr nemandann um sitt hlutverk og hvort hann geti bætt fyrir brot sitt.
2. Stjórnendur eru kallaðir til þegar nemendur láta ekki segjast eftir samtal við kennara.
3. Tilkynnt er um brot sem send eru til skólastjórna til forráðamanna með símtali.
4. Mál eru skráð í dagbók nemanda í Mentor að undangengnu símtali.

Þegar alvarlegri brot eiga sér stað, t.d. brot sem fela í sér ofbeldi eða meiðandi notkun á snjalltækjum:

- Getur komið til þess að foreldrar þurfi að sækja nemendur tafarlaust í skólann.
- Ef um ræðir alvarlegt brot á notkun á snjalltæki er tækið tekið af nemendum tímabundið í samráði við foreldra.

Notkun GSM síma

Nemendum unglingastigs er heimilt að vera með og nota GSM-síma í skólanum fari þeir eftir eftirfarandi reglum. Þeim sem ekki treysta sér til að fara eftir reglunum er óheimilt að vera með síma í skólanum.

- Símarir eru á ábyrgð nemenda í skólanum. Tjón vegna þjófnaðar eða skemmda verður ekki bætt af hálfu skólans.
- Í kennslustundum er öll notkun GSM-síma bönnuð nema með leyfi kennara.
- Ekki er heimilt að nýta símana til að taka upp eða dreifa efni úr skólastarfinu.
- Verði nemandi uppvís að óheimilli notkun síma í kennslustund skal hann samstundis ganga frá síma í skólatösku. Kennari skráir atvik í mentor að undangengnu símtali við foreldra.
- Við alvarleg eða ítrekuð brot er nemanda vísað til skólastjórna og foreldrum tilkynnt um atvik.

Notkunarreglur spjaldtölva

- Förun eftir fyrirmælum kennara um notkun spjalda.
- Í kennslustundum fáum við staðfest frá kennara að við eigum/megum nota spjaldið.
- Tónlist = heyrnartól.
- Myndatökur og myndbirtingar eru háðar SAMÞYKKI.
- Í matsalnum notum við ekki spjaldtölvurnar.

Viðbrögð við brotum á reglum um spjaldtölvur

- Við fyrsta brot er nemandi gefin **VIÐVÖRUN**.
- Við annað brot er **GEFINN PUNKTUR** í Mentor.
- Við endurtekin brot er **SENDUR PÓSTUR** til foreldra.
- (eftir 5 punkta sendir kennari póst heim)
- Við síendurtekin brot er nemandi **BOÐAÐUR Á FUND** ásamt foreldrum og skólastjórnendum.
- Geti nemandi ekki farið eftir reglum þá skal **SPJALDIÐ GEYMT** á vegum skólans þar til annað er ákveðið.
- Þessi viðurlög eru í endurskoðunarferli.

Ferli vegna brota á skólareglum

Ferli vegna brota á skólareglum

Ferli 1 Atvik leyst á staðnum, minniháttar aðabrot

Starfsmaður sem kemur að atviki talar við nemanda og gerir honum grein fyrir brotinu og ræðir við hann um úrlausn. Ef sættir takast er málinu lokið.

Ferli 2 Umsjónarkennari tekur við máli

Ef mál leysist ekki í ferli 1 og/eða er talið alvarlegt, tekur umsjónarkennari við máli. Umsjónarkennari ræðir við málsaðila og leitar lausna í anda uppeldis til ábyrgðar.

Kennari skráir atvikið í mentor í samráði við umsjónarkennara og að undagengnu símtali. Ef nemendur úr öðrum bekkjum blandast í málið er haft samband við viðkomandi kennara og hann skráir atvikið á sinn nemanda.

Ef málið leysist ekki hefur kennari samband við foreldra og/eða beinir málinu til stjórnenda. Ef máli lýkur hjá kennara sér hann um skráningu í mentor að undanengnu símtali og tilkynnir um málalok.

Ferli 3 Stjórnendur taka við máli

Ef mál leysist ekki í ferli 2 eða mál telst strax alvarlegt fer mál til skólastjórnenda. Stjórnendur ræða við málsaðila og leita lausna í anda uppeldis til ábyrgðar.

Ef málið leysist á sáttafundi skráir stjórnandi málið í mentor og tilkynnir foreldrum og umsjónarkennara.

Ef mál er mjög alvarlegt og leysist ekki á staðnum eru foreldrar boðaðir samfundis á fund. Leitað leiða til úrbóta og viðurlög ákveðin í samræmi við brotið. Stjórnandi skráir málalok í mentor.

Markmið og leiðir í skólanum okkar - Skólanámskrá árganga

1. bekkur

Íslenska 1.árgangur			
<u>Hæfniviðmið-nemandi geti:</u>	<u>Námsefni</u> <u>Hvað</u> á að kenna til að ná fram markmiðum (námsefni)	<u>Námsleiðir</u> <u>Hvernig</u> – hvaða kennsluaðferðum ætlum við að beita	<u>Námsmat</u> <u>Námsmat</u> – hvernig metum við hvort viðmiði er náð.
Lestur og bókmenntir Beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa Valið sér lesefni eftir áhuga Tengt þekkingu sína og reynslu við lesefni	Bækur í Byrjendalæsisvinnu. Ljóð. Vísur. Gagnvirkir vefir.	Hljóðgreining. Hljóðtenging. Paralestur. Kórlestur. Hljóðlestur. Þátttökulestur. Skiptilestur. Yndislestur. Heimsókn á bókasafn.	Hraðlestrarpróf. Læsi. Verkefni metin. Leiðsagnarmat.
Ritun Dregið rétt til stafs Samið texta frá eigin brjósti	Kennslubækur. Ýmis verkefnavinna.	Móta stafi og orð á fjölbreyttan hátt. Dótasögur.	Verkefni metin. Leiðsagnarmat.
Málfræði Beitt töluðu máli af nokkru öryggi og ræður yfir orðaforða og málskilningi sem hæfir þroska. Þekkt og fundið helstu einingar málsins, svo sem bókstafi, hljóð, orð Leikið sér með orð og merkingu, svo sem með því að ríma, og fara í orðaleiki.	Bækur í Byrjendalæsisvinnu. Verkefni frá kennara.	Hópvinna Einstaklingsvinna. Leikir. Samræður.	Verkefni metin. Leiðsagnarmat.

Talað mál, hlustun og áhorf Beitt skýrum og áheyrulegum framburði. hlustað og horft með athygli á upplestur, leikið efni, ljóð og söngva og greint frá upplifun sinni. sagt frá eftirminnilegum atburði og endursagt efni átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi.	Bækur í Byrjendalæsisvinnu. Bekkjarfundir. Hlustun. Áhorf. Samstund.	Umræður. Vettvangsferðir.	Leiðsagnarmat.
--	---	------------------------------	----------------

Stærðfræði 1.bekkur			
Hæfniviðmið-nemandi geti:	Námsefni Hvað á að kenna til að ná fram markmiðum (námsefni)	Námsleiðir Hvernig – hvaða kennsluaðferðum ætlum við að beita	Námsmat Námsmat – hvernig metum við hvort viðmiði er náð.
Að geta spurt og svarað með stærðfræði Tekið þátt í samræðum um einföld stærðfræðiverkefni, getur tengt stærðfræði við daglegt líf og reynsluheim, getur leyst hlutbundnar stærðfræðiþrautir, meðhöndlað og túlkað einföld reiknilíkön, talnalínur og teikningar sem tengjast umhverfi hans og daglegu lífi.	Kennslubækur. Verkefni frá kennara. Gagnvirkir vefir. Spjaldtölur. Hlutbundin gögn.	Innlagnir og sýnikennsla. Einstaklingsvinna. Hópavinna. Paravinna. Stöðvavinna. Umræður.	Leiðsagnarmat verkefni nemenda metin.
Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar Notað hentug verkfæri, þar með talin hlutbundin gögn og talnalínu til rannsókna á stærðfræðilegum viðfangsefnum, getur notað einföld stærðfræðitákn.	Kennslubækur. Verkefni frá kennara Gagnvirkir vefir. Spjaldtölur. Hlutbundin gögn.	Innlagnir og sýnikennsla. Einstaklingsvinna. Hópavinna. Paravinna. Stöðvavinna. Umræður.	Leiðsagnarmat verkefni nemenda metin.
Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar Getur notað fjölbreyttar lausnaleyðir t.d. með því að nota hlutbundin gögn og teikningar, getur notað stærðfræði til að finna lausnir á verkefnum sem takast þarf á við.	Kennslubækur. Verkefni frá kennara. Gagnvirkir vefir. Spjaldtölur. Hlutbundin gögn.	Innlagnir og sýnikennsla. Einstaklingsvinna. Hópavinna Paravinna. Stöðvavinna. Umræður.	Leiðsagnarmat. Verkefni nemenda metin.

Tölur og reikningur Notað náttúrlegar tölur, raðað þeim og borið saman, getur notað tugakerfi, getur leyst viðfangsefni úr daglegu lífi og umhverfi með hugarreikningi og skriflegum útreikningi, reiknað með náttúrulegum tölum á hlutbundinn og óhlutbundinn hátt.	Kennslubækur. Verkefni frá kennara. Gagnvirkir vefir. Spjaldtölur. Hlutbundin gögn.	Innlagnir og sýnikennsla. Einstaklingsvinna. Hópavinna Paravinna. Stöðvavinna. Umræður.	Leiðsagnarmat. Verkefni nemenda metin.
Algebra Búið til og spáð fyrir um framhald mynsturs	Kennslubækur. Verkefni frá kennara. Gagnvirkir vefir. Spjaldtölur. Hlutbundin gögn.	Einstaklingsvinna. Hópavinna Paravinna. Stöðvavinna. Umræður. Innlagnir og sýnikennsla.	Leiðsagnarmat. Verkefni nemenda metin.
Rúmfræði og mælingar Notað hugtök úr rúmfræði, s.s. um form, stærðir og staðsetningu til að tala um hluti og fyrirbrigði í daglegu lífi og umhverfi sínu, getur mælt með mismunandi mælieiningum svo sem lengd og þyngd, borið saman niðurstöður mismunandi mælinga og túlkað niðurstöður sínar, getur unnið með form og stærðir, getur unnið með speglun og speglað flatarmyndir.	Kennslubækur. Verkefni frá kennara. Gagnvirkir vefir. Spjaldtölur. Hlutbundin gögn	Innlagnir og sýnikennsla. Einstaklingsvinna. Hópavinna Paravinna. Stöðvavinna. Umræður.	Leiðsagnarmat. Verkefni nemenda metin.

Tölfræði og líkindi Getur safnað gögnum og lesið úr þeim, getur talið, flokkað og skráð gögn, getur tekið þátt í umræðum um gagnasöfnun og myndrit, bæði eigin og annarra.	Kennslubækur. Verkefni frá kennara. Gagnvirkir vefir. Spjaldtölur. Hlutbundin gögn.	Innlagnir og sýnikennsla. Einstaklingsvinna. Hópavinna Paravinna. Stöðvavinna. Umræður.	Leiðsagnarmat. Verkefni nemenda metin.
--	---	--	---

Náttúrufræði 1.bekkur			
<u>Hæfniviðmið-nemandi geti</u>	<u>Námsefni</u> <u>Hvað</u> á að kenna til að ná fram markmiðum (námsefni)	<u>Námsleiðir</u> <u>Hvernig</u> – hvaða kennsluaðferðum ætlum við að beita	<u>Námsmat</u> <u>Námsmat</u> – hvernig metum við hvort viðmiði er náð.
Geta til aðgerða Sýnt virkni og látið sig varða nánasta umhverfi og lífsskilyrði lífvera í því.	Verkefni frá kennara.	Vettvangsferðir. Verkefnavinna. Einstaklingsvinna. Paravinna. Hópvinna. Innlögn.	Leiðsagnarmat. Verkefni nemenda metin jafnt og þétt.
Vinnubrögð og færni Sagt frá og framkvæmt með hversdagslegum hlutum einfaldar athuganir úti og inni, Hlustað á og rætt hugmyndir annarra, Aflað sér upplýsinga er varða náttúruna.	Verkefni frá kennara.	Vettvangsferðir. Verkefnavinna. Umræður. Paravinna. Hópvinna. Innlögn.	Leiðsagnarmat. Verkefni nemenda metin jafnt og þétt.
Ábyrgð á umhverfinu Tekið eftir og rætt atriði í umhverfinu sínu, sýnt félögum og náttúru alúð, Tekið þátt í að skoða, greina og bæta eigið umhverfi og náttúru.	Verkefni frá kennara.	Vettvangsferðir. Verkefnavinna. Umræður. Paravinna. Hópvinna. Innlögn.	Leiðsagnarmat. Verkefni nemenda metin jafnt og þétt.
Að búa á jörðinni Fylgst með og skráð upplýsingar um veður í heimabyggð, Lýst breytingum á náttúru Íslands eftir árstíðum og áhrifum þeirra á lífsskilyrði fólks.	Verkefni frá kennara.	Vettvangsferðir. Verkefnavinna. Umræður. Paravinna. Hópvinna. Innlögn.	Leiðsagnarmat. Verkefni nemenda metin jafnt og þétt.

Lífsskilyrði manna Útskýrt á einfaldan hátt byggingu og starfsemi mannslíkamans, Útskýrt á einfaldan hátt hvernig barn verður til og þekkir einkastaði líkamans, Útskýrt mikilvægi hreyfingar, hreinlætis, hollrar fæðu og svefns.	Kennslubækur. Rafrænt efni. Gagnvirkir vefir. Verkefni frá kennara.	Umræður. Verkefnavinna. Hópavinna. Innlögn.	Leiðsagnatmat. Verkefni nemenda metin jafnt og þétt.
Náttúra Íslands Sagt frá eigin upplifun á náttúrunni og skoðun á lífveru í náttúrulegu umhverfi, Lýst algengustu lífverum í nánasta umhverfi sínu.	Verkefni frá kennara.	Umræður. Vettvangsferð. Hópavinna. Verkefnavinna.	Leiðsagnarmat. Verkefni nemenda metin jafnt og þétt.
Heilbrigði umhverfisins Flokkað úrgang	Verkefni frá kennara.	Sýnikennsla. Bein kennsla.	Leiðsagnarmat.

Samfélagsgreinar 1.bekkur			
<u>Hæfniviðmið-nemandi geti:</u>	<u>Námsefni</u> <u>Hvað</u> á að kenna til að ná fram markmiðum (námsefni)	<u>Námsleiðir</u> <u>Hvernig</u> – hvaða kennsluaðferðum ætlum við að beita	<u>Námsmat</u> <u>Námsmat</u> – hvernig metum við hvort viðmiði er náð.
Reynsluheimur Borið kennsl á gildi, svo sem virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhyggju og sáttfýsi, Áttað sig á mikilvægi fjölskyldunnar og fjölbreytni fjölskyldugerða í samfélagi manna, Gert sér grein fyrir gildi náttúru og umhverfis og mikilvægi góðrar umgengni, Sagt deili á nokkrum frásögnum, helstu hátíðum og siðum kristinnar trúar.	Kennslubækur. Verkefni frá kennara. Vináttuverkefnið (Blær). Samvinnuleikir.	Umræður. Vettvangsferðir. Verkefnavinna. Einstaklingsvinna. Paravinna. Hópvinnu. Innlögn.	Leiðsagnarmat.
Hugarheimur Sagt frá sjálfum sér með hliðsjón af búsetu, uppruna, fjölskyldu, siðum og venjum, Gert sér grein fyrir þörf sinni fyrir næringu, hvíld, hreyfingu og hreinlæti, Sett sig í spor annarra jafnaldra, Áttað sig á og lýst ýmsum tilfinningum, svo sem gleði, sorg og reiði.	○ Kennslubækur. ○ Verkefni frá kennara. ○ Vináttuverkefnið (Blær).	○ Umræður ○ Verkefnavinna. ○ Einstaklingsvinna. ○ Innlögn. ○ Samvinnuleikir.	○ Leiðsagnarmat.

Félagsheimur Tekið þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahópi, Sýnt að hann virðir reglur í samskiptum fólks, skráðar og óskráðar, og nefnt dæmi um slíkar reglur, Sýnt tillitssemi og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra, Áttað sig á ýmiss konar afleiðingum athafna sinna, Sýnt tillitssemi og umhyggju í leik og starfi.	Kennslubækur. Verkefni frá kennara. Vináttuverkefnið (Blær).	Umræður. Verkefnavinna. Samvinnuleikir.	○ Leiðsagnarmat.
---	--	---	--

Enska 1.bekkur			
<u>Hæfniviðmið-nemandi geti:</u>	<u>Námsefni</u> <u>Hvað</u> á að kenna til að ná fram markmiðum (námsefni)	<u>Námsleiðir</u> <u>Hvernig</u> – hvaða kennsluaðferðum ætlum við að beita	<u>Námsmat</u> <u>Námsmat</u> – hvernig metum við hvort viðmiði er náð.
